

Föstudaginn 19. mars 1993.

Nr. 305/1992. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)
gegn

E

(Stefán Pálsson hrl.).

Tékkabrot. Sýkna. Frávísun frá héraðsdómi. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. júní 1992 að ósk ákærðu, en einnig af hálfu ákærvaldsins til þyngingar á refsingu. Við munnlegan flutning málsins var þó krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Ákærði krefst aðallega frávísunar málsins frá héraðsdómi, en til vara sýknu.

Ekki eru efni til að vísa refsikröfu ákærvaldsins frá héraðsdómi. Hins vegar er óljóst, að hverjum skaðabótakröfu Evu Banine er beint í máli þessu, og upplýsingar skortir meðal annars um, hvort kröfu hennar til launa var lýst í þrotabú Karakters hf. og hvort hún nú er greidd. Ber því að vísa þeirri kröfu frá héraðsdómi.

Ákærða virðist hafa haft prókúru gagnvart Samvinnubanka Íslands hf. til að gefa út tékka í nafni Karakters hf. Samkvæmt endurriti tilkynningar þeirrar til firmaskrár, er frammi liggur í málinu, var hún hvorki framkvæmdastjóri félagsins né í stjórn þess. Fram er komið, að fyrirtækið hafði yfirdráttarheimild hjá bankanum, sem samkvæmt gögnum bankans rann út 1. október 1987. Tékkar þeir, sem um ræðir í málinu og út gefnir voru af ákærðu 1. og 2. október, sýnast hefðu orðið innan heimildar, hefði hún gilt áfram. Ákærða hefur haldið því fram, að sér hafi ekki verið kunnugt um, að heimildin var fallin niður, og ekki liggja fyrir tilkynningar til hennar þar að lútandi. Samkvæmt framansögðu er ósannað, að hún hafi orðið sek um brot gegn 73. gr. tékkalaga nr. 94/1933, sbr. lög nr. 35/1977. Ber því að sýkna ákærðu af kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Skaðabótakröfu Evu Banine er vísað frá dómi.

Ákærða, E, skal sýkn af kröfum ákæruvaldsins.

Allur sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs verjanda hennar í héraði og fyrir Hæstarétti, Stefáns Pálssonar hæstaréttarlögmans, samtals 60.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 4. maí 1992.

Ár 1992, mánudaginn 4. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Birnu Björnsdóttur fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 208/1992: Ákæruvaldið gegn E, sem tekið var til dóms 8. apríl sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, út gefnu 19. desember 1988, á hendur E, Reykjavík, fæddri í Reykjavík 1957, fyrir tékkasvik og brot á tékkalögum með því að hafa „í byrjun október 1987 gefið út sem prókúruhafi Karaktars hf. á reikning fyrirtækisins nr. 1090 hjá aðalbanka Samvinnubanka Íslands hf. eftirgreinda tékka, sem hún ýmist gaf út án þess að útfylla að öðru leyti og afhenti starfsmönnum fyrirtækisins til notkunar í viðskiptum eða notaði sjálf í viðskiptum, án þess að innstæða væri fyrir andvirði tékkanna á reikningnum, sem lokað var vegna misnotkunar 12. 10. 1987.

- 1) Tékki nr. 8558421, að fjárhæð 25.000 kr., dagsettur 1. 10. 1987, gefinn út til Huldu Össurardóttur. Ákærða greiddi Huldu vinnulaun með tékkanum.
- 2) Tékki nr. 8558413, að fjárhæð 22.236 kr., dagsettur 1. 10. 1987, gefinn út til Evu Banine. Ákærða útfyllti útgáfureit tékkans og afhenti hann þannig til notkunar í viðskiptum.
- 3) Tékki nr. 8558422, að fjárhæð 85.299 kr., dagsettur 2. 10. 1987, gefinn út til Bílaverkstæðis Gunnars. Ákærða útfyllti útgáfureit tékkans og afhenti hann þannig til notkunar í viðskiptum.

Telst notkun ákærðu á fyrstgreinda tékkanum varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en á hinum tékkunum við 73. gr. tékkalaga nr. 94/1933, sbr. lög nr. 35/1977.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar“.

Málavextir.

Karakter hf. hér í borg hafði tékkareikning nr. 1090 við Samvinnubanka Íslands hf., aðalbanka. Aðaleigandi í fyrirtækinu og stjórnarformaður var Gerður Pálmadóttir, en prókúruhafi frá 26. 8. 1987 var E, ákærða í máli þessu.

Reikningi fyrirtækisins var lokað 12. 10. 1987, eftir að innstæðulausir tékkar á reikninginn höfðu borist bankanum.

Hinn 11. febrúar 1988 móttók Rannsóknarlögregla ríkisins tvær kærur frá Samvinnubanka Íslands vegna tveggja innstæðulausra tékka á reikning fyrirtækisins Karakters hf., er í 1. og 2. tl. ákæru greinir. Í maímánuði sama ár barst rannsóknarlögreglu síðan kæra Gunnars Sigurgíslasonar vegna innstæðulauss tékka, er í 3. tl. ákæru greinir, á framangreindan reikning.

Ákærða hefur ritað sem úttefandi á tékkana, er í ákæru greinir. Hefur hún við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa sem prókúruhafi Karakters hf. gefið þá út á reikning fyrirtækisins.

Varðandi tékka í ákæru lið 1 kvaðst ákærða hafa fyllt út þann tékka að öllu leyti. Hafi tékkanum verið varið til greiðslu vinnulauna til Huldu Össurardóttur. Ákærða kvað sér ekki hafa verið kunnugt um, að ekki var innstæða fyrir tékkanum fyrir en eftir, að hann var sýndur í banka. Ákærða kvaðst þá þegar hafa haft tal af stjórnarformanni, Gerði Pálmadóttur, er hafi lofað að leggja inn fyrir tékkanum. Tékka, er greinir í 2. og 3. lið ákæruskjals, kvaðst ákærða hafa gefið út, en ekki útfyllt þá að öðru leyti, og afhent þá svo búna starfsmönnum fyrirtækisins. Hafi sér ekki verið kunnugt um notkun tékkans í 2. lið.

Ákærða kvað tékka í 3. lið ákæru hafa átt að vera tryggingu fyrir viðgerðar-kostnaði á bifreið fyrirtækisins. Með sölu bifreiðarinnar hafi átt að greiða kostnaðinn. Kvaðst ákærða hafa afhent stjórnarformanni tékkann á tíma-bilinu 20. september til mánaðamóta september og október árið 1987.

Ákærða kvaðst hafa tekið við prókúru fyrirtækisins í lok ágúst 1987. Hafi sér þá verið tjáð, að 300.000 kr. yfirdráttarheimild væri á reikningnum. Ákærða kvaðst ekki hafa fylgst með stöðu reikningsins. Kvaðst hún ekki hafa séð um uppgjör hjá fyrirtækinu. Sér hefði verið greint frá stöðu reikningsins á hverjum tíma, og hefði hún tekið þær upplýsingar trúanlegar. Ákærða kvað sér vera kunnugt um, að mikil óreiða var á bókhaldi fyrirtækisins.

Vitnin Eva Leila Banine, Hulda Össurardóttir og Gunnar Sigurgíslason gáfu skýrslu við meðferð málsins hjá RLR.

Vitnið Eva Leila Banine kvaðst hafa tekið við tékka nr. 8558413 sem launagreiðslu, og hefði starfsmaður fyrirtækisins, er sá um launagreiðslur, Ingibjörg að nafni, afhent sér tékkann.

Vitnið Hulda Össurardóttir kvaðst hafa tekið við tékka nr. 8558421 sem launagreiðslu úr hendi ákærðu.

Vitnið Gunnar Sigurgíslason kvaðst hafa í byrjun desember 1987 tekið við tékka nr. 8558422 frá Gerði Pálmadóttur, og hefði tékkinn verið greiðsla fyrir viðgerð á bifreið.

Ekki hefur reynst unnt við meðferð máls þessa að yfirheyra Gerði Pálmadóttur þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Samkvæmt upplýsingum dómsins er Gerður búsett í Hollandi. Við lögreglurannsókn málsins var einnig reynt að hafa uppi á Kristni Salvador, stjórnarformanni í fyrirtækinu, er áður var prókúruhafi þess. Þær tilraunir báru ekki árangur, þar sem hann er einnig fluttur úr landi.

Samkvæmt yfirlitum tékkareiknings Karacters hf. var skuld fyrirtækisins við bankann 1. 10. 1987 295.875 kr., en 300.000 króna yfirdráttarheimild fyrirtækisins rann út 1. 10. 1987, og var reikningnum lokað 12. 10. 1987.

Niðurstöður.

Svo sem nú hefur verið rakið, gaf ákærða út tékkann í 1. lið 1. 10. 1987, og var hann sýndur í banka daginn eftir. Ákærða kvað sér þá fyrst hafa orðið kunnugt um, að ekki væri næg innstæða fyrir tékkanum á reikningnum, og kvaðst hún þegar hafa haft tal af Gerði Pálmadóttur, er hefði sagst ætla að leggja inn á reikninginn fyrir tékkanum. Þá er því haldið fram í málinu, að ákærðu hafi ekki verið kunnugt um, að yfirdráttarheimild fyrirtækisins rann út 1. 10. 1987.

Þótt ákærðu sem prókúruhafa fyrirtækisins hafi borið skylda til að fylgjast með því, hvort innstæða væri til við útgáfu tékkans, þykir samt sem áður með hliðsjón af, að ekki var unnt að yfirheyra stjórnarformann fyrirtækisins, og með vísan til málavaxta að öðru leyti, varhugavert að telja sannað, að ákærða hafi við útgáfu tékkans í 1. tl. gerst brotleg við 248. gr. almennra hegningarlaga, enda er um greiðslu á skuld að ræða. Varðar háttsemi ákærðu með notkun tékkans við 73. gr. tékkalaga nr. 94/1993, sbr. lög nr. 35/1977.

Tékkar í 2. og 3. lið ákæruskjals voru innstæðulausir, er þeir voru sýndir í banka 8. 10. 1987 og 30. 12. 1987. Ákærða hafði ekki önnur afskipti af tékkunum en rita nafn sitt á þá sem útgefandi.

Með framburði ákærðu, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, hefur ákærða með framangreindri háttsemi gerst brotleg við 73. gr. tékkalaga nr. 94/1993, sbr. lög nr. 35/1977.

Sakaferill ákærðu.

Samkvæmt sakavottorði ákærðu hefur hún hlotið eina dómsátt fyrir brot gegn umferðar- og áfengislögum.

Refsing ákærðu þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga 30.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa. Vararefsing ákveðst varðhald fimmtán daga.

Skaðabætur.

Eftirgreindir tveir aðilar hafa gert skaðabótakröfu í máli þessu:

Gunnar Sigurgíslason 85.299 kr. á hendur Karakter hf. og Eva Banine 22.236 kr. Krafist er dráttarvaxta skv. vaxtalögum af höfuðstól krafnanna frá tilgreindum dögum.

Krafa Gunnars Sigurgíslasonar er gerð á hendur Karakter hf., og er henni því vísað frá dómi. Krafa Evu Banine er hins vegar tekin til greina, og ákveðast dráttarvextir samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989.

Þá er ákærða dæmd til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ. m. t. málsvarnarlauna skipaðs verjanda, Stefáns Pálssonar hrl., 25.000 krónur.

Dómarinn tók við rekstri máls þessa í júní 1990. Dómsuppsaga í málinu hefur dregist vegna veikinda dómara.

D ó m s o r ð:

Ákærða, E, greiði 30.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi fimmtán daga.

Ákærða greiði Evu L. Banine, kt. 230163-4139, 22.236 kr. ásamt dráttarvöxtum frá 8. 10. 1987 samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Pálssonar hrl., 25.000 krónur.
